

Alþingi
Erindi nr. P 141/1059
komudagur 13.12.2012



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN
BK/eeg/12/2222

DAGSETNING
13.12.2012


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunar-
aðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.), þingskjal 602, 468. mál.**

Í 4. - 8. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á gildandi ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að tekjur af afleiðuviðskiptum skuli fara með sem hagnað af sölu eigna, að undanskildum vaxtaskiptasamningum. Samkvæmt gildandi löggjöf fer með tekjur af afleiðuviðskiptum sem tekjur af peningalegum eignum þannig að tekjur af slíkum viðskiptum eru skattskyldar á grundvelli 3. tölul. C-liðar 7. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Af því leiðir af heimild í 1. mgr. 24. gr. nefndra laga nr. 90/2003, til að draga frá skattskyldum hagnaði af sölu eigna tap, sem skattaðili hefur orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári, er ekki heimil. Nefnd breyting samkvæmt frumvarpinu leiðir því til þess að ákvæði 12.-27. gr. laga nr. 90/2003, er varða hagnað af sölu eigna, eiga þá við um afleiðuviðskipti, þ. á m. ákvæði fyrrnefndrar 24. gr. laganna.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur undanfarin misseri verið með til rannsóknar um tuttugu mál sem varðar afleiðuviðskipti einstaklinga. Vanframtaldir skattstofnar í þeim málum eru umtalsverðir, allt upp í ríflega 900 milljónir kr. í einstöku máli. Hefur í þeim rannsóknum verið lagt til grundvallar að ekki sé heimild til þess að draga tapsamninga frá hagnaðarsamningum, í samræmi við fyrrnefnd lagaákvæði og úrskurði yfirséðanefndar í sambærilegum málum. Endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum liggur fyrir í flestum málanna í samræmi við niðurstöðu rannsóknar skattrannsóknarstjóra. Nokkrir þeirra úrskurða sæta nú kærumeðferð fyrir yfirséðanefnd.

Refsipætti á annan tug nefndra mála hefur nú þegar verið vísað til meðferðar hjá embætti sérstaks saksóknara, sem í kjölfarið eftir atvikum hlutast til um ákærumeðferð. Er í því sambandi þess að geta að við ákvörðun refsingar vegna skattalagabrota er einkum horft til þeirra fjárhæða sem rannsókn hefur leitt í ljós að sé undandregin, þótt önnur atriði kunni þar einnig að skipta máli. Skattrannsóknarstjóri ríkisins telur ástæðu til að vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á því að verði nefnt frumvarp samþykkt kann það að hafa veruleg áhrif á refsipátt nefndra mála þar sem samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, skal um hvorutveggja refsinaemi verknaðar og refsingu dæmt eftir nýrri lögum komi til breytingar á löggjöf.

Virðingarfyllt,


Bryndís Kristjánsdóttir,
skattrannsóknarstjóri